

Reglur um fjárhagsaðstoð í Garðabæ

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Inntak og markmið fjárhagsaðstoðar

Garðabær veitir fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 með síðari breytingum, og sbr. reglur þessar.

- a) Þegar einstaklingar hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða sbr. III. kafla reglna þessara.
- b) Vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara eða samkvæmt sérstakri ákvörðun velferðarráðs.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 17. gr. reglna þessara.

Fjárhagsaðstoð er ætluð til framfærslu, til að mæta grunnþörfum, en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda. Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum.

Fjárhagsaðstoð ber að skoða sem samvinnu Garðabæjar og þess sem aðstoðarinnar nýtur, þar sem hjálp til sjálfshjálpar er leiðarljósið. Aðstoðinni skal beitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarsviðs, s.s. ráðgjöf og leiðbeiningar svo og í tengslum við úrræði annarra stofnana samfélagsins.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

2. gr. Framfærsluskyllda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þeim sem sækja um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar staðfestar ástæður hamli því.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón og hefur sömu skyldur samkvæmt reglum þessum. Sé niðurstaða heildarmats velferðarsviðs að umsækjandi sé í sambúð sem leggja má að jöfnu við skráða sambúð skal um rétt umsækjanda til fjárhagsaðstoðar fara líkt og um skráða sambúð sé að ræða.

3. gr.

Réttur

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili er sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018. Telji starfsfólk dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði lögheimilislaga, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá Íslands til nánari athugunar.

Umsækjandi skal dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð frá Garðabæ.

Þurfi fólk á skyndilegri fjárhagsaðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi skal haft samráð við lögheimilissveitarfélag um aðstoð, aðstoðin metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Einstaklingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna njóta að jafnaði ekki réttar til fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema á grundvelli heimildarákvæða 21. gr. um námsstyrki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

4. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða ef könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfu um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Óheimilt er að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

Einstaklingar sem biða afgreiðslu á umsókn hjá t.d. Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun eða öðrum stofnunum geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Fáir umsækjandi bætur sínar greiddar aftur í tímann ber honum að jafnaði að greiða lánið til baka með eingreiðslu. Séu greiðslur ekki afturvirkar breytist lánið í styrk.

Við endurkröfu lánsins skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá velferðarsviði skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

Lán eru að jafnaði án vaxta.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

5. gr.

Umsókn og fylgigögn

Að jafnaði skulu umsóknir um fjárhagsaðstoð vera rafrænar. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka

hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum.

Við mat á umsóknum um fjárhagsaðstoð skulu eftir atvikum liggja fyrir eftirtalin gögn:

Skattframtal, álagningarseðill, upplýsingar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra vegna umsækjanda sem og maka/sambúðaraðila og launaseðlar beggja vegna síðustu tveggja mánaða og önnur gögn sem varpa ljósi á tekjur og eignir umsækjenda. Skattframtal frá ríkisfangslandi hafi viðkomandi eða maki/sambúðaraðili skráð lögheimili þar.

Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um lánamöguleika hjá bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum þegar slíkt á við.

Umsækjandi getur veitt þriðja aðila skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á skráningu hjá Vinnumálastofnun er staðfestir atvinnuleysi og atvinnuleit. Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun/greiðslustofu um greiðslu bóttanna.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er óvinnufær vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði því til staðfestingar. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða sérfræðilækni sem annast mál umsækjanda. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu, þegar við á. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða nema annað komi fram í einstaklingsáætlun.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar getur myndast í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis.

6. gr.

Upplýsingar varðandi umsækjanda

Með umsókn sinni samþykkir umsækjandi og eftir atvikum maki/sambúðaraðili að velferðarsvið kalli eftir, ef þörf krefur, frekari upplýsingum s.s. um innistæður/færsluyfirlit af bankareikningum, sparisjóðum eða öðrum lánastofnunum, frá Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum og nemendaskrá skóla. Skal það ávallt gert í samráði við umsækjanda.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og gefinn kostur á að bæta úr innan tveggja vikna. Sinni umsækjandi ekki þeim tilmælum eða neiti að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka/sambúðaraðila fellur umsókn úr gildi.

7. gr.

Tímalengd samþykkis og samningur við umsækjanda

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftir á greiðslur að ræða.

Þegar umsækjandi hefur þegið fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði skal að jafnaði gerð áætlun með umsækjanda með það að markmiði að vinna bug á vanda hans.

Starfsfólki velferðarsviðs er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 11. gr. reglnanna um frádrátt tekna, í þágu starfsþjálfunar umsækjanda um fjárhagsaðstoð. Skilyrði slíkrar undanþágu er að umsækjandi, vinnuveitandi og velferðarsvið Garðabæjar hafi undirritað samning um starfsþjálfun umsækjanda hjá vinnuveitanda og að vinnuveitandi hafi skuldbundið sig til að greiða umsækjanda laun sem nema ekki lægri fjárhæð en 1,0 af grunnfjárhæð til einstaklings samkvæmt þessum reglum. Styrkur samkvæmt þessari málsgrein greiðist beint til vinnuveitanda.

Gildistími samþykkt á grundvelli III. kafla reglna þessara er að jafnaði einn mánuður. Gildistími samþykkt á grundvelli IV. kafla reglna þessara er að jafnaði tveir mánuðir nema annað sé tekið fram.

8. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er ekki veitt aftur í tímann nema veigamikil rök mæli með því.

Með umsókn um fjárhagsaðstoð aftur í tímann skal fylgja ítarlegur rökstuðningur sem styður hvers vegna umsækjanda hafi verið ómögulegt að sækja um í þeim mánuði sem umsókn aftur í tímann tekur til. Einnig skulu fylgja gögn, s.s. læknisvottorð, því til stuðnings. Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en 4 mánuði frá því að umsókn er lögð fram sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

III. kafli

Framfærsluaðstoð, mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

9. gr.

Mat á fjárþörf

Við útreikning fjárhagsaðstoðar skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 10. gr. lögð til grundvallar og frá henni dregnar tekjur, sbr. 11. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á sbr. reglur þessar.

10. gr.

Grunnfjárhæðir framfærslustyrkja

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 273.020. Fjárhæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

- a) Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða kr. 273.020. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning eða staðfestingu á reglulegum leigugreiðslum a.m.k. sl. 3 mánuði því til staðfestingar.
- b) Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa með öðrum, leigja húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings og geta ekki lagt fram staðfestingu á reglulegum leigugreiðslum eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða kr. 218.416.

- c) Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum er 0,5 eða kr. 136.510. Hafi einstaklingur sem fellur undir framangreint forsjá barns er framfærslugrunnur viðkomandi 0,8 eða kr. 218.416.
- d) Framfærslugrunnur einstaklinga sem dvelja á sjúkra- eða meðferðarstofnun og þurfa ekki að greiða kostnað vegna fæðis og húsnæðis samsvarar upphæð vasapeninga (ráðstöfunarfé) eins og þeir eru skilgreindir hjá Tryggingastofnun ríkisins hverju sinni.
- e) Framfærslugrunnur einstaklinga sem dvelja á áfangaheimili eða eru í áfengis- eða vímuefnamedferð eða hliðstæðum úrræðum þar sem greiða þarf dvalargjald er 1,0 eða kr. 273.020.
- f) Framfærslugrunnur hjóna og sambúðarfólks er að hámarki 1,6 eða kr. 436.832. Framfærslugrunnur hjóna og sambúðarfólks búsett hjá foreldrum miðast við fjárhæðir c-liðar þessa ákvæðis.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn/börn búa á heimilinu, sjá þó c-lið 1. mgr.

Veita skal þeim sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð um mánaðarmótin nóvember-desember sérstaka desemberuppbót sem nemur 0,25 af grunnfjárhæð einstaklings samkvæmt reglum þessum en hjónum/sambúðarfólki 0,20 af framfærslugrunni hjóna.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar er tengd vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og miðast við grunnvísitölu í janúar 2026 – 658,2 stig og breytist í janúar ár hvert.

11. gr. Tekjur

Allar tekjur umsækjanda, og maka/sambúðaraðila ef við á, í umsóknarmánuði eru taldar með við mat á fjárþörf og koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Hið sama á við um tekjur umsækjanda mánuðinn á undan nemi þær tekjur meira en þrefaldri grunnfjárhæð einstaklings. Í því tilviki koma tekjur umfram þrefalda grunnfjárhæð til frádráttar útreiknaðri fjárþörf.

Miða skal við heildartekjur fyrir skatt.

Með tekjum er hér átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur umsækjanda og maka/sambúðaraðila, s.s. atvinnutekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Eigi umsækjandi rétt á greiðslum frá öðrum stofnunum er heimilt að reikna honum þær til tekna við útreikning fjárhagsaðstoðar.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf.

Húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur og vaxtabætur teljast ekki til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsnæðisbóta og sérstökum húsnæðisstuðningi, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

12. gr.

Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal umsækjanda vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum. Ef umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili, á eignir sem nýst geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð í formi láns ef umframeignir eru settar í sölu og framvísað staðfestingu þess efnis. Lán kemur til endurgreiðslu við sölu umframeigna.

13. gr.

Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar til framfærslu samkvæmt reglum þessum skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni/börnum umsækjanda samkvæmt samningi um meðlag staðfestum af sýslumanni. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Skilyrði er að barn/börn umsækjanda eigi lögheimili á Íslandi.

Starfsfólki er heimilt að greiða styrk vegna meðlagsgreiðslna beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur framfærslugrunni viðkomandi samkvæmt 10. gr. í reglum þessum, eiga kost á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

Starfsfólki velferðarsviðs er heimilt að víkja frá skilyrðinu um að atvinnurekstur skuli stöðvaður ef sérstakar aðstæður mæla með því. Ef víkja á frá því skilyrði skal kalla eftir ítarlegum upplýsingum um fjárhag rekstursins, svo sem um mánaðarlegar tekjur, ásamt öðrum gögnum, s.s. verksamningum.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Rangar/villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi umsækjanda er endurkræf og getur velferðarsvið endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum og rekja má ofgreiðslu til rangra eða villandi upplýsinga umsækjanda er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kann að öðlast rétt til síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði

gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að umsækjandi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

16. gr.

Synjun/skerðing fjárhagsaðstoðar

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal synjað í þeim tilvikum sem umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar samkvæmt reglum þessum.

Hafi umsækjandi vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, hafi hann verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun, fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta eða með öðrum hætti skert verulega möguleika sína á atvinnuþátttöku er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir. Það sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar staðfestingu Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og atvinnuleit sbr. 5. gr. reglna þessara.

Þegar umsækjandi hefur þegið fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði skal hann að jafnaði boðaður í viðtal hjá ráðgjafa og gerð áætlun/samningur í samvinnu við hann um það hvernig vinna skuli bug á vanda hans, sbr. 7. gr. reglna þessara.

Sinni viðkomandi ekki slíkri áætlun/samningi eða viðtalsboðunum er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir nema veigamiklar ástæður mæli gegn því.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi sanni á sér deili í eigin persónu og framvísi gildu persónuskilríki tvisvar í viku. Sé því ekki sinnt missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar. Ef ekki er mætt í eitt skipti í umsóknarmánuði er heimilt að áminna umsækjanda. Við aðra fjarvist er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð um helming, í þriðja skipti skerðist fjárhagsaðstoð um 75% og ef ekki er mætt í fjögur skipti þann mánuð fellur greiðsla fjárhagsaðstoðar niður. Undantekning frá skerðingu er að viðkomandi sýni fram á réttmæta ástæðu, s.s. með framvísun læknisvottorðs eða sambærilegum gögnum. Sæki umsækjandi um fjárhagsaðstoð að nýju og hefur verið fjarverandi í eitthvert skipti fyrri mánuði er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð um helming við fyrstu fjarvist, enda hafi umsækjandi verið áminntur fyrir fjarveru sína fyrri mánuði.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

17. gr.

Sérstök aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er þegar þörf er á stuðningi við foreldra og börn á þeirra framfæri að veita foreldrum sérstaka fjárhagsaðstoð í ákveðnum tilvikum þegar þeir hafa haft meðaltekjur við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar miðað við fjölskyldustærð sl. þrjá mánuði.¹ Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til greiðslna frá öðrum þjónustuaðilum, svo sem Sjúkratryggingum og Sjónstöðinni.

¹ Þ.e. tekjur séu ekki meira yfir viðmiðunarmörkum en sem nemur 50% af grunnaðstoð einstaklings/hjóna eftir því sem við á.

Skilyrði er að barnið/börnin eigi lögheimili hjá viðkomandi foreldri.

Heimilt er að veita styrk samkvæmt þessari grein til niðurgreiðslu eftirfarandi kostnaðar:

- a) Kostnaðar vegna daggæslu, leikskóla, tómstundaheimila, sumardvala barna með hegðunarerfiðleika án umönnunargreiðslna og þátttöku í tómstundum (hvatapeningar þurfa að hafa verið nýttir).
Aðstoðin getur að hámarki numið 0,1 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings á barn á mánuði. Skilyrði aðstoðar þurfa að vera uppfyllt allan aðstoðartímann. Ákvörðun um aðstoð skal tekin fyrir einn mánuð í senn.
- b) Kostnaðarhlut foreldra vegna nauðsynlegra hjálpartækja fyrir barn s.s. vegna gleraugna að hámarki sem nemur 0,25 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings.
- c) Kostnaðar vegna fermingar barns að hámarki sem nemur 0,5 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings.
- d) Kostnaðar vegna barns í grunnskóla í tengslum við skólabyrjun. Aðstoðin getur að hámarki numið 0,1 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings. Aðstoðin greiðist einu sinni á ári við upphaf skólaárs.
- e) Kostnaðar vegna bókakaupa, skólagjalda og ferðakostnaðar til og frá skóla vegna náms 16 og 17 ára barna í framhaldsskóla. Aðstoðin getur að hámarki numið 0,5 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings á ári.

18. gr.

Sérfræðiaðstoð og hjálpartæki

Heimilt er að veita einstaklingum sem hafa sl. þrjá mánuði, haft meðaltekjur við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar, miðað við fjölskyldustærð, fjárstyrk í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til niðurgreiðslu á kostnaðarhlut umsækjanda vegna nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu Hámark aðstoðar er 0,5 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings á ári.
- b) Til niðurgreiðslu á kostnaðarhlut umsækjanda vegna kaupa á nauðsynlegum hjálpartækjum, s.s. gleraugum og heyrnartækjum. Hámark aðstoðar er 0,25 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings á ári.

Réttur til styrks hjá öðrum aðilum s.s. stéttarfélagi þarf í öllum tilvikum að hafa verið kannaður og nýttur. Styrkur sem umsækjandi kann að eiga rétt á frá öðrum aðilum kemur til frádráttar aðstoð velferðarsviðs.

Greitt er gegn framvísun reikninga.

19. gr.

Húsbúnaðarstyrkir

Heimilt er í eftirtöldum tilvikum að veita fjárstyrk til niðurgreiðslu á kostnaði vegna húsbúnaðarkaupa til einstaklinga/fjölskyldna sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu og hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum:

- a) Til einstaklings sem er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.

- b) Til einstaklings/hjóna/sambúðarfólks sem eru eignalaus og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.
- c) Til einstaklings/hjóna/sambúðarfólks sem eru eignalaus og þurfa aðstoð vegna kaupa á nauðsynlegum húsbúnaði.

Styrkur samkvæmt 19. gr. getur að hámarki numið 0,7 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings auk 0,2 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings fyrir hvert barn umsækjanda sem á lögheimili hjá honum. Húsbúnaðarstyrkir greiðast aðeins einu sinni.

20. gr. Viðtöl hjá sérfræðingum

Heimilt er að veita einstaklingi sem hefur haft meðaltekjur við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sl. þrjá mánuði, miðað við fjölskyldustærð, og á við verulega erfiðleika að etja lán eða styrk til niðurgreiðslu viðtala hjá sálfræðingum, geðlæknum og félagsráðgjöfum með framhaldsmenntun í meðferðarvinnu og fyrirsjáanlegt er að ekki sé unnt að veita þjónustuna innan velferðarsviðs eða á vegum heilbrigðisstofnana. Styrkurinn/lánið skal vera liður í umfangsmikilli aðstoð á velferðarsviði og þá aðeins ef:

- a) Einstaklingur hefur átt við langvarandi félagslega erfiðleika að etja
- b) Þegar einstaklingur eða fjölskylda hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Hámark aðstoðar skal vera kr. 30.000,- á hvern viðtalstíma. Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki fimm tíma á ári. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita umsækjanda viðbótarstyrk til greiðslu allt að fimm tíma til viðbótar ef verulegar brýnar ástæður liggja að baki. Umsögn fagaðila um frekari aðstoð skal liggja fyrir ef sótt er um aðstoð umfram fimm tíma og umsækjandi skal áfram uppfylla skilyrði ákvæðisins.

21. gr. Námsstyrkir

Heimilt er að veita námsmönnum fjárhagsaðstoð til framfærslu við sérstakar aðstæður sem hér segir;

- a) Til einstæðra foreldra í sjálfstæðri búsetu, sem ekki hafa lokið framhaldsskóla, hafa átt við verulega félagslega erfiðleika að stríða og hafa haft tekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjá mánuði.
- b) Til einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og eiga vegna erfiðra félagslegra aðstæðna ekki tök á því að vinna með skóla. Umsækjandi skal að jafnaði aðeins eiga ólokið tveimur önnum.

Skilyrði er að aðstoð samkvæmt a) og b) sé liður í markvissri vinnu á velferðarsviði sem byggist á áætlun sem miðar að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu teknar fyrir hverja önn. Forsenda aðstoðar er að umsækjandi sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu samkvæmt samningi við velferðarsvið.

Aðstoð samkvæmt þessari grein skal miða að því að

- a) greiða framfærslu samkvæmt kvarða sbr. 10. og 11. gr. í reglum þessum og
- b) greiða kostnað vegna bókakaupa, skólagjalda og ferðakostnaðar til og frá skóla með almenningsvögnum að hámarki 0,5 af grunnfjárhæð einstaklings á ári.

Velferðarsvið tekur ákvarðanir samkvæmt þessari grein á grundvelli erindis frá umsækjanda og greinargerðar starfsmanns þar sem fram kemur heildstætt mat á aðstæðum umsækjanda.

22. gr.

Fyrirframgreiðsla húsaleigu

Heimilt er að veita einstaklingi, hjónum eða sambúðaraðilum styrk eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu þegar meðaltal launa umsækjenda hefur verið við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sl. þrjá mánuði áður en umsókn er lögð fram.

Staðfesting á því að umsækjandi eigi ekki kost á fyrirgreiðslu banka/lánastofnunar skal liggja fyrir. Einnig skal liggja fyrir undirritaður húsaleigusamningur eða skuldbindandi yfirlýsing leigusala um gerð húsaleigusamnings gegn fyrirframgreiðslu húsaleigu. Gildistími húsaleigusamnings þarf að vera a.m.k. sex mánuðir.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. og 34. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 er ekki heimilt að fara fram á fyrirframgreiðslu húsaleigu nema fyrir þann mánuð sem er að fara í hönd. Almennt er gerð krafa um að umsækjandi geti greitt áfallandi mánuð í húsaleigu sjálfur.

Þegar um er að ræða beiðni um aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu er þó heimilt að veita styrk/lán til greiðslu upphæðar sem svarar til húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðning hafi einstaklingsáætlun verið gerð og húsnæðisöryggi umsækjanda sé í hættu, enda þeir styrkir greiddir eftir á. Hámarksaðstoð samkvæmt þessum lið er kr. 120.000.

Sé um lán að ræða skal umsækjandi skrifa undir lánasamning þar sem tilgreint er hvernig lán skuli greitt til baka.

Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er að hámarki veitt einu sinni á ári og einstaklingur sem hefur áður fengið lán getur ekki sótt um lán að nýju nema fyrra lán sé að fullu greitt.

23. gr.

Lán til greiðslu tryggingar húsaleigu

Heimilt er að veita einstaklingi, hjónum eða sambúðarfólki lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings þegar meðaltal launa umsækjenda hefur verið við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sl. þrjá mánuði áður en umsókn er lögð fram.

Undirritaður húsaleigusamningur eða skuldbindandi yfirlýsing leigusala um gerð húsaleigusamnings gegn tryggingu húsaleigu þarf að liggja fyrir. Gildistími húsaleigusamnings þarf að vera a.m.k. sex mánuðir.

Heimilt er að veita aðstoð vegna kröfu um tryggingu húsaleigu:

- a) Þegar um er að ræða beiðni um aðstoð vegna kröfu leigusala um tryggingu húsaleigu er heimilt að veita umsækjanda aðstoð í formi styrks/láns til greiðslu á ársiðgjaldi vegna kaupa

á leigugreiðslu- og viðskilnaðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Hámark slíkrar aðstoðar er kr. 180.000.

- b) Þegar um er að ræða beiðni um aðstoð vegna kröfu leigusala um tryggingu vegna húsaleigusamnings og það liggur fyrir að umsækjandi getur ekki nýtt sér þjónustu tryggingafélags, sem býður upp á leigugreiðslu- og viðskilnaðartryggingu, er heimilt að veita umsækjanda lán vegna bankaábyrgðar.

Gildistími tryggingarábyrgðar Garðabæjar er á meðan húsaleigusamningur er í gildi og umsækjandi er leigjandi í umræddu húsnæði, en þó að hámarki eitt ár. Komi til kröfu undir ábyrgðinni skal umsækjandi krafinn um andvirði hennar.

Komi ekki til kröfu undir ábyrgðinni innan gildistíma hennar fellur ábyrgðin niður og losa má um tryggingarfé sem greiðist þá til Garðabæjar. Lán vegna bankaábyrgðar getur að jafnaði að hámarki numið kr. 600.000.

Umsækjandi skal skrifa undir samning þar sem tilgreint er hvernig endurgreiðslu til Garðabæjar skuli háttað.

Einstaklingur sem hefur áður fengið lán á grundvelli þessarar greinar fær ekki aftur lán samkvæmt greininni fyrr en fyrra lán hefur verið greitt að fullu.

24. gr. Aðstoð vegna útfarar

Heimilt er að veita styrk/lán vegna útfarar einstaklings sem átti lögheimili í sveitarfélaginu við andlát í eftirtöldum tilvikum:

- a) Þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna.
- b) Þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og ein fjölskyldubifreið.
- c) Vegna útfararkostnaðar barns þegar meðaltekjur foreldris/-a undanfarna 3 mánuði eða lengur eru við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar.

Eftirfarandi gögn þurfa eftir atvikum að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- 1) Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, og eftirlifandi maka, ef við á, ásamt upplýsingum úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- 2) Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt eða ekki rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar aðstoð velferðarsviðs.
- 3) Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja sbr. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Hámark aðstoðar er kr. 350.000. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

25. gr.

Sérstök aðstoð vegna markvissrar stuðningsvinnu

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita markvissan stuðning. Aðstoðin miðar að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með úrræðum og/eða stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum, hafi þegið fjárhagsaðstoð til framfærslu á undanfögnu 6 mánaða tímabili og að einstaklingsáætlun hafi verið gerð.

Heimilt er að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af umfangsmikilli stuðningsáætlun og til þess fallið að tryggja að árangur vinnu í máli viðkomandi glattist ekki. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum.

Aðstoð sem veitt er samkvæmt 25. gr. skal alla jafna veitt tímabundið og samþykkt skal sæta endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

V. kafli

Málsmeðferð

26. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef velferðarsviði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

27. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna, meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er eða umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

28. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsfólk velferðarsviðs og fulltrúar í velferðarráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í störfum sínum er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki umsækjanda.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem slíkt stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

29. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið velferðarsviðs, skal í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

30. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun um synjun er rökstudd með skýrum hætti.

Umsækjanda skal um leið kynntur réttur hans til að fara fram á að velferðarráð Garðabæjar eða úrskurðarnefnd velferðarmála fjalli um umsóknina. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um ákvörðun.

Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

31. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Ákvörðun velferðarsviðs/velferðarráðs má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðunina.

32. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Garðabæjar.

Velferðarráð Garðabæjar hefur heimild til að endurskoða ákvarðanir velferðarsviðs og/eða að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með skriflegri beiðni.

33. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem byggja á 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, voru samþykktar á fundi velferðarráðs 30. janúar 2026 og á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 19. febrúar til að gilda frá og með 10. febrúar 2026. Jafnframt falla úr gildi reglur um fjárhagsaðstoð sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar 16. mars 2023.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
Garðabæ, 19. febrúar 2026

Lúðvík Örn Steinarsson
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.